

26. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands, haldinn 23. ágúst 2011, kl. 16:00 á skrifstofu FSÍ.

Mættir eru: Þorgerður Diðriksdóttir, formaður, Birna Björnsdóttir, varaformaður, Þóra Sigurðardóttir, gjaldkeri, Sólveig Jónsdóttir, almannatengslafulltrúi og Hrund Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri. Ragnheiður og Gunnar boða forföll.

Formaður setti fundinn.

Á dagskrá eru eftirfarandi mál:

1. Landsliðsmál í hópfimleikum.

Málið áður á dagskrá 20. og 23. stjórnarfundu og síðast rætt á 25. fundi. Þá var samþykkt að formaður, framkvæmdastjóri og ritari fari yfir málið og seti fram drög að tillögu stjórnar um framtíðarskipan landaliðsmála í hópfimleikum á næsta stjórnarfundu bæði hvað varðar fjárveitingar til verkefnisins sem og fagleg sjónarmið. Málið hefur verið unnið í samráði við tækninefnd í hópfimleikum.

Stjórn samþykkir að stefna að því að senda landslið í eftirtöldum flokkum á Evrópumót 2012:

Mix senior

Mix junior 13-17 ára

Konur junior, 13-17 ára

Karlar junior 13-17 ára

Konur senior.

Þátttaka í landsliðsæfingum er opin iðkendum allra aðildarfélagu FSÍ sem fullnægja skilyrðum sem tækninefnd í hópfimleikum setur.

Á samæfingum fram að því að lokahópur er valinn koma iðkendum með sínum félagsþjálfara. Viðkomandi félag/iðkendum standa straum af kostnaði við æfingarnar.

Kostnaður af þjálfun landsliða, á undirbúningstíma og í keppni, greiðist af félögum út frá kostunarskiptasamningi sem gerður er milli félaga sem eiga keppendur í liðinu.

Samþykkt er að þessu sinni að senda félagslið sem landslið í keppni senior kvenna, sem færi út á sömu forsendum og önnur landslið á mótið. Stjórn felur tækninefnd í hópfimleikum að gera tillögu til stjórnar um val liðsins.

Viðkomandi félag/iðkendum standa straum af kostnaði við æfingarnar.

FSÍ mun ráða verkefnisstjóra hópfimleika til starfa frá og með 1. september nk. Starfslýsing verkefnisstjóra liggur fyrir.

Sólveig Jónsdóttir vék af fundi.

2. Verkefnastjóri hópfimleika / verkefnastjóri landsliða í hópfimleikum

Tillaga að starfslýsingu verkefnastjóra lögð fram rædd og formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna starfslýsingu áfram.

3. Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar (ÓI. Ev.)

Stjórn hefur borist bréf frá Guðjóni Guðmundssyni, framkvæmdastjóra fimleikafélagsins Björk þar sem óska er eftir fjárhagslegum stuðningi við þjálfarkostnað vegna þátttöku tveggja stúlkna í ÓL. Ev. Mat hans er að þátttaka þeirra í mótinu kalli á tvöfaldan þjálfunarkostnaðar fyrir félagið þar sem Íþróttamiðstöðinni Björk er lokað í júlí og allir þeirra þjálfarar í frí. Heildarkostnaður félagsins vegna þessa metur Guðjón vera á bilinu 200-250 þúsund.

Málið rætt og eftirfarandi samþykkt:

Stjórn FSÍ gerir sér grein fyrir kostnaði félags sem hlýst af þátttöku landsliðskeppenda. Fram að þessu hefur þjáflun landsliðskeppenda FSÍ verið á forræði félaganna og FSÍ ekki greitt fyrir þjálfunarkostnað annan en ferðakostnað og uppihald á erlend mót. Umrætt mót er á mótaskrá FSÍ sem gefin var út áður en keppnistímabilið 2010-2011 hófst og félög keppenda, sem bera ábyrgð á þjálfun landsliðskeppenda ættu að vera meðvituð um. Mót þetta hefur verið á mótaskrá FSÍ í síðan 1993, því má ætla að framkvæmdastjóri félags afrekskeppenda sé meðvitaður um þann viðbótakostnað sem hlýst getur af þjálfun afrekskeppenda ef til þess kæmi að þeir er tilnefndir á tiltekið mót. Stjórn FSÍ hvetur stjórn Bjarkanna og framkvæmdastjóra að þrýsta á Hafnafjarðabæ um að styðja við sitt afreksfólk með að hafa íþróttamiðstöð Bjarkanna opna þegar æfingar krefjast enda sé það akkur félagsins og bæjarfélagsins að laða til sín og ala upp sem flesta afrekskeppendur. Stjórn hafnar beiðni um fjárhagsstuðning.

4. Reykjavík International Games 2012

Stjórn barst bréf frá Jóni Þór Ólasyni (JPÓ) f.h. fimleikadeildar Ármanns þar sem hann óskar eftir að fimleikasambandið komi að skipulagi og framkvæmd fimleikahlutans á RIG 2012 með fimleikadeild Ármanns. Nánari útfærsla samstarfsins verður rædd síðar ef af verður.

Tækninefnd í hóp fimleikum (THF) og Þorgerður hittu Jón Þór og Kjartan hjá ÍBR á fundi þar sem óskað er eftir að FSÍ komi og aðstoðið Ármann við skipulagningu á fimleikahluta mótsins. Hingað til hefur Ármann borið allan kostnað og/eða fengið ágóða mótsins. Sjónvarpið hefur sýnt áhuga.

Stjórn tekur jákvætt í beiðni JPÓ að því gefnu að THF sjái sér fært að taka að sér skipulagningu þessa móts. Ef til þess kemur verði gerður kostunarsamningur milli FSÍ og Ármanns.

5. Heimsmeistaramótið í áhaldafimleikum. Tokyo 1.-17. október 2011

Málið áður á dagskrá 24. og 25. fundar. Óskað hafði verið eftir tilnefningum tækninefndar um keppendur á Heimsmeistaramótið, m.a. til að hægt væri að tryggja sem ódýrast flug til Japans. Tækninefnd karla gat ekki orðið við því fyrir sumarfrí stjórnar en eftir ítrekaðar óskir stjórnar

barst bréf dagsett 15.júní 2011 með tilnefningu frá tækninefnda karla í áhaldafimleikum vegna Heimsmeistaramótsins í Japan 2011.

Samþykkt er tilnefning tækninefndar karla:

Keppendur:

Viktor Kristmannsson; rökstuðningur: Íslandsmót FSÍ 78,05 stig fjölþraut

Róbert Kristmannsson; rökstuðningur: Íslandsmót FSÍ 77,35 stig fjölþraut

6. Bréf frá TK

- a. Tækninefnd karla í áhaldafimleikum hefur sent frá sér breytingar á íslenska fimleikastiganum frá útgáfu 1.2.2009. Ný útgáfa tekur gildi í ágúst 2011. Útgáfa 1.3.2011. FRESTAÐ

- b. Tk fer þess á leit við stjórn FSÍ að greiddur verði fararskostnaður fyrir fulltrúa TK FSÍ vegna fundar norræns vinnuhóps í uppbyggingu ungra fimleikamanna sem haldinn verður í Svíþjóð í september komandi í tengslum við Malarcup. Framlag tk á fundinum verður kynning á verkefni sem nefndinni var falið eftir fund hópsins á Íslandi í apríl síðastliðnum. Erindi tk fjallar um kosti og galla skylduæfinga í uppbyggingarstarfi efnilegara fimleikamanna.
Stjórn hefur fylgst með þessu verkefni og telur mikilvægt að styrkja uppbyggingarstarf efnilegra fimleikamanna. Stjórn samþykkir að greiða farmiða til Svíþjóðar enda flytji fulltrúi FSÍ erindið fyrir íslenska keppendur, foreldra og aðra áhugasama um efnið eftir að heim er komið.

- c. TK fer þess á leit við FSÍ að haldið verði sambandsdómaranámskeið og matspróf í íslenska fimleikastiganum í sept. 2011. Á námskeiðinu verða kynntar þær breytingar sem taka gildi með nýrri útgáfu stigans.
Málið rætt. FRESTAÐ

- d. Tk fer þess á leit við FSÍ að haldið verði landsdómaranámskeið fyrir E-dómgæslu í 1.þrepi og frjálsum æfingum. Tk mun bjóða þeim dómurum sem hafa verið virkir sambandsdómarar frá sambandsdómaranámskeiði 2009 að gerast E-landsdómarar. E-dómarar eru einungis frádráttardómarar og ákvarða ekki upphafseinkunn á áhöldum. Tk telur þetta vera nauðsynlegt þar sem fjöldi keppenda í 1. þrepi og frjálsum æfingum fer fjölgandi og mikill skortur hefur verið á landsdómurum. Í þessu samhengi skal þess getið að gera þarf breytingar á reglum um uppbyggingu dómara kk. (10. gr. Reglugerðir Fimleikasambands Íslands). FRESTAÐ

- e. Tk hefur boðað til keyrslumóts vegna HM 2011. Mótið fer fram í fimleikasal Gerplu í Versölum þann 27. ágúst. Tk tilkynnir stjórn tilnefningar keppenda til HM að móti loknu.

Málið rætt. Eins og fram kom í bréfi tk frá 17.febrúar 2011 og var sett á heimasíðu FSÍ, voru sett lágmark fyrir Heimsmeistaramótið 2011 77,000 fjölþrautarstig. Samkvæmt tækninefnd hafa Viktor Kristmannsson og Róbert Kristmannsson náð tilsettum lágmarkum og hlotið tilnefningu stjórnar á mótið.

Vinsamleg tilmæli stjórnar til TK er að gætt sé fyllsta öryggis á keyrslumótinu svo tryggja megji að keppendur verði heilir á HM t.d. með því að þeir sem taki þátt þurfi ekki að lenda í hörðu eða taka aðra óþarfa áhættu.

7. Samstarf framkvæmdastjóra FSÍ, SSÍ og FRÍ.

Framkvæmdastjórar þessara sérsambanda hittust reglulega síðast liðið keppnistímabil til skrafs og ráðagerða. Lagt er fram minnisblað með samantekt umræðunnar þar sem lagt er til samstarf á ákveðnum sviðum.

Framkvæmdastjóra falið að halda áfram vinnu þessari.

8. Challenger Cup í Maribor í Slóveníu 23. -25. september nk.

Áður á dagskrá 26.maí þar sem stjórn samþykki að greiða 500 evrur vegna þessa móts, sem er gjald þeirra þjóða sem ekki senda dómara.

Nú hefur borist bréf þess efnis að þetta gjald, 500 EUR verði fellt niður.

Stjórn samþykkir að nota engu að síður upphæðina í þetta verkefni til að lækka ferðakostnað þjálfar og þar með þann kostnað sem fellur á keppendur eða félög þeirra.

9. Bréf frá tækninefnd í hópímleikum

- a. Tækninefnd hópímleika tilnefnir Niclaes Jerkeholt í THF í stað Jimmy Eksted sem sagði sig úr nefndinni á vordögum. Jimmy er fluttur til Svíþjóðar og gefur ekki kost á sér til enda kjörtímabils. Niclaes hefur lýst áhuga á að koma til starfa í nefndinni og teljum við hann mjög hæfan í verkið.

Stjórn samþykkir Niclaes Jerkeholt sem nýjan nefndarmann THF.

- b. THF óskar eftir samþykki stjórnar til að halda menntunarhelgi eins og árið 2010. THF metur að enn sé þörf fyrir að mennta fleiri dómara í TEAMGYM CoP og telur því nauðsynlegt að halda eitt dómaramámskeið á haustönn 2011. **SAMÞYKKT**

Á sama tíma er þörf fyrir móttökunámskeið 2 á trampólíni. Fjölmarginir hafa nú þegar lokið við móttökunámskeið 1 á trampólíni og eru klárir til að bæta við sig á námskeiði tvö. Við óskum eftir að fá að vera í Keflavík eins og síðast þar sem hægt er að flétta saman fimleikasal og mjög góða fyrirlestraraðstöðu.

Tillaga þessi hefur verið send félögum til kynningar 29.júní 2011.

Stjórn samþykkir tillögu THF um menntunarhelgi í Keflavík.

10. Þakkir

Stjórn FSÍ þakkar fimleikadeild Ármanns, tækninefnd karla og öllum þeim sem komu að skipulagningu, undirbúningi og framkvæmd norrænu æfingabúðanna sem haldnar voru í Laugardalnum í júlí.

Til kynningar:

- a. Starf fræðslunefndar að hefjast: 2A verður haldið helgina 28. og 29. september, rúmlega 20 manns skráðir. 1A fyrstu helgina í september þar sem um 70 eru skráðir.
- b. Viktor að flytja til Finnlands til æfinga.
- c. Afmæli Fimleikafélagsins Björk, laugardaginn 27.ágúst. Sólveig Jónsdóttir almennatengsla fulltúi FSÍ mætir og veitir Guðjóni Guðmundssyni starfsmerki FSÍ.
- d. Fimleikadeild Gróttu hefur ákveðið að halda engin FSÍ mót þetta árið vegna slæmrar aðstöðu.
- e. Keyrslumót blandaðra liða hópfimleika fer fram í Íþróttahúsi Stjörnunnar fimmtudaginn 25.ágúst kl. 20:00. Tvö lið eru skráð til keppni.
- f. Norrænar æfingabúðir sem haldnar voru hér á landi 22. júlí til og með 28.júlí tókust með eindæmum vel skv. upplýsingum frá tk. 49 þátttakendur voru skráðir í æfingabúðirnar frá Noregi, Danmörku og Íslandi. Æfingar vour alls 11 og hver um sig var 3 klukkustundir, alls 33 klst. af skipulögðum æfingatíma. 8 klst. af fræðslu til þjálfara í formi fyrirlestra og verklegrar kennslu. Umfjöllun um búðirnar voru bæði í Ríkissjónvarpinu og í Morgunblaðinu. Skipuleggjendur búðanna sáu um öll samskipti við fjölmiðla.

Næsti fundur mánudaginn 5. september kl. 16<:15.

Fundi slitið 19:30.

Fundargerð ritar Hrund Þorgeirsdóttir í fjarveru Ragnheiðar.